

Greinargerð með umsókn

Rafíþróttadeild Fylkis

Rafíþróttadeild Fylkis var stofnuð á aðalfundi félagsins 11. apríl 2019. Markmiðið með stofnun deildarinnar er að bjóða upp á skipulagt starf fyrir börn og unglinga þar sem þau geta komið í aðstöðu félagsins og stunda rafíþróttir undir handleiðslu þjálfara. Ásamt því að stunda rafíþróttir læra þau markmiðasetningu, sjálfsaga, ábyrgð og tilfinningastjórnun svo fátt eitt sé nefnt. Einnig verður lögð áhersla á reglulega hreyfingu, mataræði og góða hvíld en þetta eru þættir sem skipta miklu máli í allri íþróttaiðkun. Allt þetta rímar við það sem sést hefur í skipulögðu rafíþróttastarfi á Norðurlöndunum. Stór hluti starfsins felst í því að þátttakendur rækti félagsleg tengsl sín við aðra í starfinu ásamt því að kynna iðkendum í öðrum greinum félagsins. Einnig verður opnað á þann möguleika á iðkendur geti prófað aðrar greinar innan félagsins og í framhaldinu farið að stunda þær reglulega sé áhugi fyrir hendi. Iðkendur geta svo keppt fyrir hönd Fylkis í mótum eins og gerist í öðrum íþróttum. Allir séu merktir félaginu og gangi undir allar þær reglur og viðmið sem iðkendur innan annara deilda gera.

Veturinn 2019-2020 er áætlað að fara af stað með æfingar fyrir stráka og stelpur frá 8 ára aldri. Skipt verður upp í hópa eftir aldri, mögulega kyni og verkefnum/leikjum. Iðkendur greiða æfingagjöld til félagsins á sama hátt og í öðrum greinum og geta þau nýtt frístundastyrkinn til þess.

Útbúin verður aðstaða þar sem settar verða upp tölvustöðvar með öllu því sem til þarf. Hér er bæði um að ræða stöðvar fyrir leikjatölvur og svo playstadion tölvur þar sem spilaður er fótboltaleikurinn FIFA.

Áætlaður fjöldi þátttakenda þetta fyrsta ár er í kringum 50.

Áætlað er að nota styrkinn í að byggja upp aðstöðu og kaupa tölvubúnað. Stefnt er að því að setja upp aðstöðu í Fylkisselinu í Norðlingaholti á 2. hæð þar sem félagsmiðstöðin er í dag en verkefnið er unnið í góðu samstarfi við þjónustumiðstöðina Ársel sem er í hverfinu. Verkefnið er samstarfsverkefni Fylkis, félagsmiðtöðva hverfisins og skóla hverfisins sem öll ættu að geta nýtt sé þá aðstöðu sem verður byggð upp.

Rekstraráætlun 2019-2020

1. september 2019 – 1. september 2020

Tekjur

Styrkir	2.000.000
Æfingagjöld	2.500.000
Samtals	<u>4.500.000</u>

Kostnaður

Tölvubúnaður og uppsetning	2.000.000
Þjálfarakostnaður	2.000.000
Annar kostnaður	500.000
Samtals	<u>4.500.000</u>